

D ó m s o r ð :

Stefndi, Brandur Brynjólfsson, greiði stefnanda, Stefáni Valgeirssyni, kr. 12.278,26 með 6% ársvöxtum frá 16. desember 1948 til greiðsludags og kr. 2.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. september 1954.

Nr. 176/1953. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Grétari Þórarni Vilhjálmsyni

(Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðarslyssmál. Brottfall refsingar sakir geðbilunar sakbornings.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að máli þessu var áfrýjað, hefur að tilhlutan Hæstaréttar verið borin undir Læknaráð skýrsla Helga yfirlæknis Tómassonar, dags. 26. júlí 1952, um geðheilsu ákærða. Álitsgerð Læknaráðs, dags. 23. apríl 1954, um skýrslu yfirlæknisins hefur verið lögð fram í Hæstarétti, og er ályktarorð ráðsins svo hljóðandi:

„Læknaráð fellst á niðurstöðu dr. med. Helga Tómassonar um, að ákærði hafi ekki verið geðveikur, er slysið henti hann. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, telur ráðið ekki unnt að skera úr því, hvort ákærði sé hæfur til að taka út refsingu nú eða verði það síðar.“

Þá hefur verið lögð fram við flutning málsins í Hæstarétti skýrsla Helga yfirlæknis Tómassonar, dags. 18. júní 1954, um geðheilsu ákærða eftir 26. júlí 1952, og er niðurlag þeirrar skýrslu svo hljóðandi:

„Álit mitt á Grétari Þórarni Vilhjálmsyni er þetta:

Hann er haldinn þungum, vefrænum geðsjúkdómi.

Hann læknaðist af þeim sálrænu sjúkdómseinkennum, sem hann hafði á Kleppi 1952, en vefrænu geðsjúkdómseinkenn-

in, sem hann hafði þá, hafa alls ekki minnkað, nema síður sé, eins og ég þá hélt þau mundu gera með löngum tíma.

Eftir kynni mín af manninum álit ég, að refsing mundi sennilega útleysa hjá honum á ný sálrænan geðsjúkdóm, en hin vefrænu geðeinkenni hjá honum mundu valda því, að hann skilur síður tilgang refsingar. Nýr, sálrænn sjúkdómur getur auðveldlega orðið til þess að þyngja hin vefrænu einkenni og stuðla þannig að því, að maðurinn verði frekar að óstarfhæfum öryrkja heldur en að hann þó a. m. k. haldi þeirri starfsorku, sem hann nú hefur.“

Að þessu athuguðu þykja ákvæði 63. gr. laga nr. 19/1940 eiga að leiða til þess, að ákærða verði ekki dæmd refsing fyrir atferli það, sem lýst er í héraðsdómi og þar er fært til réttra refsíákvæða. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum á ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Grétar Þórarinn Vilhjálmsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einar Arnórssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1952.

Ár 1952, þriðjudaginn 18. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómarar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3741/1952: Ákærvaldið gegn Grétari Þóarni Vilhjálmssyni, en mál þetta var tekið til dóms 1. þ. m.

Í máli þessu er Grétar Þórarinn Vilhjálmsson verkamaður, Hverfisgötu 88 C hér í bæ, ákærður fyrir að hafa fimmtudaginn 8. febrúar 1951 um kl. 12.35 ekið vörubíreiðinni R. 5950 óvarlega og eftir atvikum of hratt austur Suðurlandsbraut og ekið á drenginn Guðmund H. Guðjónsson, Sogavegi 136, við Þvottalaugaveg, með þeim afleiðingum, að hann beið bana. Krafizt er, að hann verði dæmdur til

refsingar skv. 215. gr. laga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. og 3. mgr. 28. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 23/1941, 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941, og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar, nr. 2/1930. Þá er hann ákærður til ökuleyfisssviptingar skv. 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til málskostnaðargreiðslu.

Ákærður, sem fæddur er 7. maí 1932 í Reykjavík, hefur ekki fyrr verið kærður fyrir lagabrot, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Fimmtudaginn 8. febrúar 1951 milli kl. 12 og 13 ók ákærður vöru-bifreiðinni R. 5950 austur Suðurlandsbraut. Var hann einn í bifreiðinni. Ákærður var fyrir skömmu búinn að fá ökuleyfi, var skírteinið út gefið 13. janúar 1951. Er ákærður ók um mót Suðurlandsbrautar og Þvottalaugavegar, stóð strætisvagn rétt austan við gatnamótin, á hægri vegarbrún séð frá ákærðum, og sneri til vesturs. Hafði vagninn numið staðar þarna á viðkomustað, og var fólk að fara út úr vagninum. Ákærður kveðst hafa ekið með ekki yfir 40 km hraða miðað við klst., en sleppt benzínjöfnni og skipt úr 4. hraðastigi í 3., rétt áður en hann kom að strætisvagninum, og dregið þannig úr hraðanum, og telur ákærður, að við þetta hafi hraðinn minnkað niður í ca. 25 km miðað við klst. Þá kveðst ákærður tvisvar hafa gefið hljóðmerki, áður en hann kom að strætisvagninum. Ákærður skýrir svo frá, að þegar framhluti R. 5950 hafi verið á mótis við afturhluta strætisvagnsins, hafi drengur komið hlaupandi aftur undan strætisvagninum og stefnt norður yfir götuna. Hafi drengurinn virzt taka eftir bifreið ákærðs og ætla að snúa við, en það hafi þá verið um seina, því að bifreiðin hafi lent á honum í sömu svifum. Ákærður kveður lát hafa komið á sig, er hann sá drenginn, og hafi hann fyrst í ógáti stigið á benzínjöfnina í stað þess að hemla, en hann hafi strax áttað sig og stigið þá á fóthemilinn. Hann telur, að framendinn hægra megin hafi lent á drengnum, og hafi drengurinn strax horfið sjónum undir bifreiðina. Hann segir, að sér hafi fundizt hægra framhjól bifreiðarinnar fara yfir einhverja mishæð eða ójöfnu.

Lögreglan var kölluð á staðinn eftir slysið. Var drengurinn fluttur á spítala, en var þá örendur, enda hefur hann látizt samstundis. Segir svo í ályktun læknis þess (próf. Níels Dungals), er krufði lík drengsins:

„Auk smærri ytri áverka fundust mjög mikil brot á heilabúinu, sem var mölbrotið að aftanverðu. Heilinn var marinn og sundurtættur, sérstaklega að neðanverðu, og hafa þessar miklu skemmdir leitt barnið til dauða svo að segja samstundis.“

Uppdráttur var gerður af slysstaðnum. Hafði R. 5950 stöðvazt á snjóruðningi á norðurjaðri vegarins, en allmikill snjór var á jörðu, er slys þetta varð. Virðast hemlaför hafa verið um 8 m aftur frá vinstra afturhjól, 5 m aftur frá því hægra. Um 9 m voru frá aftur-

enda R. 5950 að stað þeim, þar sem barnið hafði legið, en það var á norðurhelmingi vegarins, 1—2 m frá snjóruðningnum. Eftir upplýsingum, sem lögreglumaður sá, er teikninguna gerði, fékk frá nærstöddum, stóð strætisvagninn þannig, er slysið varð, að frá afturenda hans að afturenda R. 5950, eins og hún stóð, eftir að hún stöðvaðist, munu hafa verið um 19 metrar. En vagninn var farinn af staðnum, er uppdrátturinn var gerður.

Snjókeðjur voru á afturhjólum R. 5950. Við skoðun reyndist bifreiðin í ágætu lagi.

Vitnið Júlíus Óskar Halldórsson bifreiðarstjóri skýrir svo frá, að hann hafi ekið bifreið sinni vestur Suðurlandsbraut og séð álangdar til strætisvagnsins, þar sem hann stóð kyrr við fyrrnefnd gatnamót. Enn fremur hafi hann séð til drengsins, er hann hljóp aftan við bifreiðina norður yfir götuna. Í sömu svifum hafi R. 5950 verið ekið fram hjá strætisvagninum, að álitu Júlíusar á litlum hraða, og hafi drengurinn orðið fyrir framenda bifreiðarinnar hægra megin, og hafi drengurinn kastast frá bifreiðinni, en bifreiðin hafi runnið nokkuð áfram og stöðvast loks í snjóruðningnum norðan götunnar.

Auk Júlíusar Óskars er vitað um tvo sjónarvotta, er sáu þó aðeins að nokkru leyti, hvernig slysið varð. Eru þetta piltar, sem voru farþegar í strætisvagninum og fóru úr honum á eftir Guðmundi heitnum, sem mun hafa orðið fyrstur út úr vagninum. Skæringur Bjarnar Hauksson, 13 ára, kveðst hafa farið út úr vagninum næst á eftir Guðmundi. Hafi Guðmundur orðið dálítið á undan aftur fyrir bifreiðina og horfið honum því sjónum andartak. Skæringur Bjarnar kveðst, er hann kom aftur fyrir bifreiðina, hafa séð Guðmund vera í loftinu og skella síðan á bakið á götuna á móts við hægra afturhjól bifreiðarinnar R. 5950, er farið hafi fram hjá í sömu svifum. Ekki telur Skæringur Bjarnar, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir höfuð drengsins. Hann telur hraða bifreiðarinnar ekki hafa verið mikinn. Magnús Snorrason, 15 ára, skýrir svo frá, að hann hafi komið aftur fyrir strætisvagninn næst á eftir Skæringi Bjarnari, og hafi Guðmundur þá legið á götunni, en bifreiðin verið að nema staðar.

Þrátt fyrir eftirgrennslan hafðist ekki upp á fleiri sjónarvottum að slysi þessu.

Ákærðum bar, er hann ók fram hjá strætisvagni, er stóð á viðkomustað, að sýna hina mestu varúð í akstrinum, enda gat hann búizt við, að farþegar úr vagninum kynnu að ganga út á götuna aftan við hann og að börn kynnu að hlaupa gálauslega út á götuna, eins og raun varð á. Bar honum að gera ráð fyrir, að hann þyrfti að stöðva bifreiðina þegar í stað. Af framangreindri atvikalýsingu er ljóst, að ákærður hefur eftir aðstæðum ekið of hratt og ógætilega og honum því ekki heppnast að stöðva bifreiðina fyrr en langt um seinan, sbr. stöðu bifreiðarinnar eftir slysið.

Samkvæmt þessu þykir ákærður hafa af gáleysi orðið valdur að

dauða drengsins Guðmundar H. Guðjónssonar, og hefur hann þannig brotið gegn 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ber þó að gæla þess, að orsakir slyssins má að verulegu leyti rekja til háttsemi drengsins sjálfs, sem hljóp án aðgæzlu út á götu fyrir aftan bifreið. Auk nefndrar hegningarlagagreinar hefur ákærður brotið þau ákvæði bifreiða- og umferðarlaga og lögreglusamþykktar, er í ákæru greinir, nema 1. mgr. 28. gr. bifreiðalaga og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga.

Vafi hefur leikið á um sakhæfi ákærðs. Í máli þessu var aflað umsagnar Kristjáns Þorvarðssonar lækni um andlegt ástand ákærðs, og segir í vottorði hans, dags. 20. jan. 1952: „Grétar er að mínu áliti illa gefinn (inferioritas intellectualis), „tregviti“, en ekki fáviti. Hann er viðkvæmur og þjáist af vanmetakennd eins og margt illa gefið fólk. Hann hefur verið geðveikur á köflum, a. m. k. 4 sinnum, ýmist þunglyndur eða ruglaður og þá æstur.“

Þá var aflað álits dr. Helga Tómassonar yfirlæknis um geðheilbrigði ákærðs. Álitsgerð dr. Helga Tómassonar yfirlæknis er dagsett 26. júlí sl., og segir svo í niðurlagi hennar:

„Álit mitt á Grétari Vilhjálmsyni er þetta:

Hann er sem stendur geðveikur, en mun ekki hafa verið það, er slysið henti hann. Hann er hvorki fáviti né geðveill. Hann hefur einnig nokkurn hjartasjúkdóm.

Geðveiki hans nú virðist í meginatriðum vefræns eðlis (svonefnd syndroma organicum (Vortis)), en til viðbótar þeim einkennum eru í augnablikinu sálræn einkenni, sennilega útleyst við rannsóknina.

Það er um að ræða tuttugu ára gamlan ógíftan verkamann. Geðveikissjúklingar eru í báðum ættum foreldra hans, faðirinn drykkfelldur í fyrstu, nú á berklahæli, drengurinn seinþroska, fékk m. a. nýrnabólgu níu ára, fimmtán ára áfall á höfuðið, þá ennis- og kjálkabólgu, þá hjartaveilu, — sennilega byrjað að vinna of snemma eftir áfallið, — ruglaðist í þrjár vikur. Næsta ár fer hann til sjós, fær þar áfengi og ruglast á ný í nokkra daga, vann svo rúmt ár, en fékk þá enn sálræna geðveiki, sem læknað með rafrotri; reykir meira. Leti setur að honum, hætti að vinna, — tók bifreiðarstjórapróf. Tæpum mánuði síðar verður hann valdur að dauðaslysi, fær andlegt áfall við það og ruglast enn; er rafrotaður nokkrum sinnum, rýkur þá upp, ræðst á fólk, — fluttur í hæli, strýkur, fluttur aftur, strýkur á ný; smájafnar sig; fær vinnu við akstur, en sefur nú yfir sig, er sagður tregari í hugsanagangi og hreyfingum, rekinn úr vinnu, fær aðra vinnu, drekkur sig og sefur frá henni, síðan atvinnulaus heima, en verður heldur fyrir aðkasti fyrir landeyðuhátt; úrskurðaður til geðheilbrigðisrannsóknar; sviptur ökuskipteini til bráðabirgða, bróðir mikið veikur; oftekur sig e. t. v.; svefntruflun og skammhlaupaverk. Skv. eigin og móður ósk innlagður á geðspítala. Hann finnur sig veikan, máttlausan, þollítinn og kjarklítinn. Hefur organísk geðeinkenni, athyglisregðu, lélegt næmi og minni á nýorðna hluti samanborið

við eldri, hugar- og hreyfingatregðu, á erfitt með að halda sér vakandi, óeðlilega morgunsvæfur, blóðþrýstingur í hærra lagi, er hálfsljór og seinn að átta sig, einstaka sinnum skammhlaupaverk.

Vefrænu einkennin virðast mér sennilega til kominn eftir rafrotin. Eiginlega það eina, sem gæti komið til greina hjá manningum, er, að um byrjandi geðklofa eða schizofreni hefði verið að ræða. En allur gangur veikinda hans virðist mér mæla á móti því. Ef meginálit mitt á veikindum mannsins er nærri sanni, þá eru og nokkrar horfur á, að honum smábatni með allöngum tíma. Væri um geðklofa að ræða, lægi sennilega aðeins fyrir, að manningum smáversnaði með árunum, en á þeim möguleika virðast mér hverfandi líkur.

Að mínum dómi hefur manningum sennilega verið batnað geðveikiskast nr. 3 með afleiðingum þess þegar nokkru fyrir árslok 1950. Skv. því hefði hann, ef um sök er að ræða, verið sakhæfur í febrúar 1951. En með tilliti til þess, sem síðan hefur komið upp á hjá manningum, virðist mér útilokað, að hann til dæmis taki út refsingu, þegar hann er orðinn frískur af núverandi geðsjúkdómi sínum, sem sennilegast er, að hann verði eftir allangan tíma.“

Enda þótt atferli ákærðs hafi skv. því, er áður var rakið, verið refsivert „objektívt“ séð, þykir með tilliti til framangreindra upplýsinga um sakhæfi ákærðs og skv. 63. gr. alm. hegningarlaga rétt, að honum verði ekki gerð refsing í máli þessu.

Skv. 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærðan ökuleyfi ævilangt frá 7. marz, en þá var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærðan til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 500,00 kr. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hdl.

Ástæður dráttar þess hins mikla, er orðið hefur á málinu, kemur fram í prófum málsins.

D ó m s o r ð :

Ákærðum, Grétari Þórarni Vilhjálmssyni, verður ekki gerð refsing í máli þessu.

Ákærður skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 500 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hdl.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.